

ei verið rannsakað. Þetta er þó aukaverkun sem hefur ágætt forspárgildi og ætti ekki að koma neinum á óvart. Það gæti tekið áratugi að koma í ljós. Mér segir svo hugur að þessum fyrstu kynslóðar „ekki-stera bólgueyðandi“ lyfjum muni innan 10 ára verða rutt af markaði af lyfjum sem sannanlega hafa ekki krabbameinsvaldandi samverkun við húð og ónæmiskerfi.

Ég ætla ekki að valda áhyggjum en okkur má vera umhugað um langtíma afleiðingar meðferðar sem í dag virðist ósköp lítið mál. Hvað ætli mörg börn fái Elidel krem á bráðavaktinni? Hver á svo að fylgja þeim eftir? Hvaða upplýsingar eru

foreldrar fá? Er allt í lagi að nota þessi krem í sólskini? Sjálfur hef ég gjarnan ráðlagt notkun slíkra lyfja í andlit en ekki á vorin og sumrin. Já sennilega er það í lagi í hófi. En er það ekki læknisins að benda á það hóf og vera aðgætinn sjúklinganna vegna? Já það hefur áhrif á ábendingarnar. Þær verða þrengri. Það er ekkert því miður. Það er eins og það á að vera.

Að lokum: þegar nýir flokkar húðlyfja koma á markað er sjálfsagt að húðsjúkdómalæknar fari einir með ávísanir á þau um sinn. Við það getur skapast aðhald fyrir ábendingavenjur sem koma flestum að gagni þegar fram líða stundir.

Menning og meinsemdir

– aldarminning Jóns Steffensen prófessors 1905-2005

UM MIÐJAN febrúar síðastliðinn var haldið tveggja daga málþing í Þjóðarbókhöðunni í minningu Jóns Steffensen og endurspegladi það afar fjölbreytt og víðfeðm viðfangsefni og áhugamál hans. Jafnframt var opnuð í anddyri safnsins sýning til heiðurs Jóni og konu hans, Kristínu Björnsdóttur. Myndir, bréf, bækur og ýmsir munir úr eigu hjónanna prýða sýninguna, skrifborð hans og útsaumaður stóll, koffort og ýmis mælingatæki. Jafnframt lánaði Þjóðminjasafn gripi til Bókhöðunnar sem tengjast mannfræðirannsóknnum Steffensens. Sýningin stendur til 10. apríl og er öllum opin.

Menning og meinsemdir: rýnt í bein, farsóttir, læknisfræði og lýðsögu Íslendinga hét málþingið. Fyrri dag þingsins rakti

Hrafnkell Helgason ævi og störf Jóns, formaður LÍ ræddi meðal annars gjöf Jóns til félagsins og Andy Cliff, gestafyrirlesari í landafræði í Cambridge, benti meðal annars á nýjar skilgreiningar samtíðarinnar á fjarlægðum og tíma sem kölluðu á ný landakort vitundarinnar í það minnsta.

Á laugardegi var messað allan daginn, læknar, sagnfræðingar, fréttamaður, bókmenntafræðingur, fornleifafræðingur, mannfræðingur og tannlæknar – allir höfðu einhvern snertiflöt við Steffensen, þennan feiknalega risa í fræðunum sem hefur greinilega þegar í lifanda lífi gnæft yfir samtímamenn sína í einurð og festu vísindamannsins og í fjölbreytileika rannsóknarefna sinna sem er nær því af nýrómantískum ofmenna-toga.



Hrafnkell Helgason lungnalæknir rakti æviferil Jóns og minntist með nokkrum hryllingi Gray's Anatomy sem liggur opin á skrifborði Jóns hér að neðan til vinstri.

Að undirbúningi þessa merkilega þings unnu Kristín Bragadóttir, Örn Bjarnason, Gísli Pálsson, Agnar Helgason, Jökull Sævarsson, Emilía Sigmarsdóttir og Sigrúður Örn Guðbjartsson. VS



Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur ræddi um bein Jóns Arasonar biskups og brá meðal annars upp mynd af rússneskri stúlku að virða fyrir sér typpið af Raspútín á safni í Moskvu.